

Ábyrgð Virðing Vinátta



Síðuskóli

Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2015-2016 01.12 2015 6. bréf

Kæru nemendur og foreldrar!

Nú er desembermánuður genginn í garð með allri sinni ljósadýrð og hlýleika. Talsvert hefur snjóað hjá okkur síðustu daga og þá er nauðsynlegt að gæta sín í umferðinni, fara varlega þar sem snjóruðningar skyggja á og síðast en ekki síst nota endurskinsmerki. Einnig viljum við biðja þá foreldra sem telja þörf á því að keyra nemendur í skólann að setja þá út við fremra hringtorgið. Þar komast nemendur inn á skólalóðina og geta gengið beint inn í forstofurnar. Við hvetjum samt alla til að ganga í skólann það minnkar umferðaröngþveitið sem oft skapast á gatnamótunum við innkeyrsluna.



Niðurstöður samræmdu prófanna liggja nú fyrir og erum við nokkuð sátt með þær. Inn á heimasíðu skólans er hægt að skoða niðurstöður frá árunum 2007-2015, slóðin er <http://siduskoli.is/static/files/samraemdar%20einkunnir/einkunnir.pdf>. Inn á heimasíðunni má einnig finna námsáætlanir og er slóðin <http://www.siduskoli.is/is/page/namsaaetlanir>

Eins og flestir vita var sú nýbreytni tekin upp í haust að allir nemendur skammti sér sjálfir í mötuneytinu. Þetta hefur gengið afskaplega vel og virðast nemendur kunna vel við þetta fyrirkomulag. Eitt markmiðið með þessu er að minnka matarsóun. Það er einn af mörgum þáttum í okkar umhverfisstefnu. Nauðsynlegt að við stöndum öll saman í að brýna fyrir nemendum hversu miklu máli það skiptir að sóa ekki mat. Í mötuneytinu hefur hver árgangur sína fötu undir matarleyfar og viljum við að sem allra minnst sé í fötunum eftir matmálstímana.

Litlu jólin verða þann 18. desember. Við munum halda fyrirkomulagi síðustu ára og hafa allan skólann á sama tíma á litlu jolum. Það koma því allir í skólann kl.9.00 og fara heim kl. 11.00. Fyrst verður hópnum skipt í salinn og stofur en eftir það hittast svo allir í íþróttasalnum og ganga saman í kringum jólatréð. Frístund er opin þennan dag til kl. 13.00 fyrir alla nemendur í 1.-4. bekk en frá kl. 13.00 er opið fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir, greiða þarf sérstaklega fyrir þennan tíma.

Skólinn hefst svo aftur eftir jólaaleyfi þriðjudaginn 5. janúar samkvæmt stundaskrá. Mánudaginn 4.janúar er skipulagsdagur og frístund lokuð frá kl. 13.00.

Starfsfólk Síðuskóla óskar nemendum og foreldrum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þakkar samstarfið á árinu sem er að líða.

Með hækkandi sól höldum við svo áfram að vinna saman, ná árangri og gleðjast!

Bestu kveðjur úr skólanum,

Ólöf Inga

Á döfinni í desember:

- | | |
|----------|--|
| 1. des. | Spurningakeppni á unglingastigi |
| 2. des. | 2. — 4. bekkur fer á leiksýninguna Grýla, í Samkomuhúsinu. |
| 4. | 4. bekkur á Minjasafnið. |
| 7. des. | 2. og 7. bekkur á Minjasafnið. |
| 18. des. | Litlu jólin og jólaaleyfi hefst |
| 5. jan. | Kennsla hefst að nýju eftir jólafrí |



Hitt og þetta

Öflugt foreldrastarf í Síðuskóla:

Öflugt foreldrafélag er starfandi við Síðuskóla sem stutt hefur vel við bakið á skólastarfinu undanfarin ár og hefur m.a. fært skólanum reglulega gjafir sem nýst hafa vel í starfi nemenda. Sem dæmi um gjafir sem foreldrafélagið hefur fært skólanum eru spjaldtölvur, örbylgjuofn í matsal, grill og fleira. Formaður foreldrafélagsins er Heimir Eggerz, heimirj78@gmail.com.

Jólafondur: Nú er skólinn óðum að fá á sig hátíðlegan blæ. Jói húsvörður er búinn að setja upp seríur í innigarðinn hjá matsalnum, stjórnur í glugga og Linda og hennar fólk í félagsmiðstöðinni er byrjað að skreyta salinn. Þann 10. desember verður svo jóladagur í skólanum þar sem ýmislegt verður unnið í tilefni jólanna.

Upplestur: Núna í nóvember og desember hafa höfundar komið í skólann og lesið upp fyrir nemendur. Ævar vísindamaður kom í síðustu síðustu viku og las upp úr nýrri bók sinni, Þín eigin goðsaga fyrir 3.—8. bekk. Þá kom Arnar Már Arngrímsson einnig las upp úr nýrri bók sinni, Sölvasaga unglings fyrir unglingastigið. Í næstu viku er svo von á þeim Vísinda Villa og Sólmyrkva - Sævari að lesa upp úr þeirra nýjustu bók, Vísinda-bók Villa—Geimurinn og geimferðir. Þeirra upplestur verður fyrir 1.—7. bekk. Fullt af flottum upplestrum í desember!

Kristján Rúnar Kristjánsson, nemandi í 10. bekk, vann nú ný-
verið keppnina Leitin að Grenndargralinu. Það er keppni, sem
er kennd sem valfag á unglingastigi. Leitin að Gralinu tekur 10
vikur og hún fer þannig fram að nemendur, ýmist einir eða
tveir saman, fá eina þraut (verkefni) til lausnar í viku hverri.
Þraut sem tengist sögu eða menningu Akureyrar og/eða Eyja-
fjarðar. Við lausn hvernar þrautar fá nemendur bókstaf. Mark-
miðið er að safna að lágmarki tíu bókstöfum sem fást við
úrlausn þrautanna sem þeir svo nota til að mynda ákveðið orð.
Orðið er nokkurs konar lykilorð og er þekkt úr sögu
heimabyggðar. Við óskum Kristjáni innilega til hamingju með
árangurinn.



Hvernig getur maður orðið góð fyrirmynd fyrir börnin sín til að hvetja þau til lesturs? Við getum til dæmis talað um bækur, lesið bækur fyrir þau, látið þau sjá að við séum að lesa, rætt um persónur úr bókum, gefið bækur í gjafir, gefið okkur tíma til að hlusta á þau lesa og segja frá því sem þau lesa. Tíminn sem við njótum með börnum við lestur góðra bóka er gríðarlega dýrmætur. Þau okkar sem höfum átt í erfiðleikum með lesturinn þurfum líka að passa að tala ekki um að það sé eðlilegt að barnið geti ekki lesið því þannig höfum við verið. Miklu fremur að hvetja þau enn frekar til dáða til að styðja við þau svo leshömlun eða hæglæsi muni ekki hamla þeim. Hægt er að búa til alls kyns lestrarleiki fyrir börn til að hvetja þau. Börn elska þegar fullorðnir setjast niður með þeim og skoða bækur. Það er til dæmis frábær hugmynd að heimsækja Amtsbókasafnið á eftirmiðdegi eða um helgi og eiga stund með börnunum þar.

Tekið úr bréfi Soffíu Vagnsdóttur fræðslustjóra.


Spurningakeppni á unglingastigi 1. desember



Ein af þeim skemmtilegu hefðum sem við eigum í skólanum er spurningakeppni milli bekkja á unglingastiginu. Keppnin er alltaf haldin 1. desember og skiptist í hraðaspurningar, bjölluspurningar, vísbendingaspurningar og leik. Hörð keppni var í ár, en að lokum sigraði 10. bekkur báðar sínar viðurneignir, við 8. og 9. bekk. Við látum nokkrar myndir frá keppninni, auk mynda af liðunum sem stóðu sig öll vel og voru flottir fulltrúar sinna bekkja. Hér má sjá mynd af vinningsliðinu úr 10. bekk.




Keppnislið 9. bekkjar



Keppnislið 8. bekkjar.



Það á að gefa börnum brauð
að bíta í á jólunum,
kertaljós og klæðin rauð,
svo komist þau úr bólunum,.
Væna flís af feitum sauð,
sem fjalla gekk á hólunum.
Nú er hún gamla Grýla dauð,
gafst hún upp á rólunum.



Jólamatur

Hulda matráður og hennar fólk slær
ekki slöku við í eldhúsinu og þann 16.

desember verður jólamatur með öllu tilheyrandi á
boðstólnum.



MATSEÐILL - desember 2015

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
	1. Hakkbollur, kartöflur, grænar baunir, sósa og grænmeti	2. Fiskur í ofni, kartöflur, sósa og salatbar	3. Pottréttur, hrísgrjón, snittu- brauð	4. Pasta, sósur, brauð og grænmeti
7. Fiskur í raspi, kartöflur, grænmeti, laukur, ávextir	8. Slátur, kartöflumús, ávextir	9. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð, ávextir	10. Makkarónusúpa Val nemenda	11. Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð
14. Kjötbúðingur, kartöflumús, grænar baunir, rauðkál	15. Grilluð bleikja, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	16. Jólamatur	17. Gratineraður fiskur, kartöflur, grænmeti, sósa, ávextir	18. Litlu jól - jólafrí
21. Frístund opin	22. Frístund opin	23. Frístund opin	24. Gleðileg jól.	